

Rökstuðningur vegna vals viðurkenningarhafa Festu og Reykjavíkurborgar 2020.



Í dómnefnd sátu Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar, Lára Jóhannsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Sigurpáll Ingibergsson, gæðastjóri ÁTVR. Starfsmaður dómnefndar var Hildur María Hólmarsdóttir, starfsnemi á umhverfis- og skipulagssviði. Aldrei hafa borist fleiri tilnefningar til loftslagsviðurkenningarinnar og var verk dómnefndar vandasamt og mikið eftir því.

Loftslagsviðurkenning Festu og Reykjavíkurborgar er nú veitt í fjórða sinn. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á því sem vel er gert í loftslagsmálum og vera hvatning til annarra. Við matið var horft til ýmissa þátta, einkum til þess árangurs sem þegar hefur náðst við að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsviðurkenningu Festu og Reykjavíkurborgar árið 2020 hlýtur Landspítali.

Rökstuðningur: Landspítali hefur verið aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar frá upphafi og setti sér markmið í loftslagsmálum árið 2016. Eitt meginmarkmið Landspítala var að draga úr losun um 40% fyrir árslok 2020 miðað við losun ársins 2015. Aðgerðir Landspítala hafa sýnt árangur en á milli 2018 og 2019 var samdráttur í losun rúm 17%. Tölur þessa árs boða gott og spár sýna að markmið þeirra um 40% samdrátt í losun fyrir lok ársins 2020 muni nást. Meðal aðgerða sem stuðla að þessum góða árangri er uppsetning á búnaði til að eyða glaðlofti, auk þess sem hætt var að nota olíuketil til orkuframleiðslu fyrir ýmsan búnað en rafmagn er notað í staðinn. Þessar tvær aðgerðir einar og sér munu minnka losun CO2 ígilda spítalans sem svarar til rúmum 1000 tonnum á hverju ári.

Landspítali hefur lagt áherslu á vistvænar samgöngur. Eftir að samgöngusamningar við starfsfólk voru innleiddir árið 2014 nýta fjölmargir sér nú vistvæna ferðamáta. Til þess að styðja frekar við málefnið hefur Landspítali stórbætt aðstöðu hjólríðafólks við starfsstöðvar sínar, auk þess að styrkja deiliahagkerfi samgangna með ýmsum leiðum. Eftir að spítalinn fór í samstarf með Strætó árið 2019 um niðurgreiðslu árskorta hefur virkum árskortum fjölgað úr 130 í 540 á einu ári. Hér skipta afleidd áhrif þeirra aðgerða sem ráðist er í máli þar sem Landspítali er einn stærsti vinnustaður landsins og ljóst er að þessar aðgerðir hafa góð áhrif út fyrir veggj spítalans.

Auk loftslagsviðurkenningarinnar þá er að þessu sinni veitt sérstök nýsköpunarviðurkenning en hana hlýtur nýsköpunarfyrirtæki sem hefur náð eftirtektarverðum árangri í þágu loftslagsmála. *Nýsköpun og uppbygging* er níunda heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna enda er nýsköpun mikilvægur liður í því að stemma stigu við loftslagsvandinum. Nýsköpunarviðurkenningu Festu og Reykjavíkurborgar árið 2020 hlýtur Carbfix.

Rökstuðningur: Carbfix fargar koldíoxíð úr útblæstri orku- og iðjuvera sem fangað er úr andrúmslofti og bindur það varanlega í bergi með öruggum og hagkvæmum hætti. Rannsóknir sem hafa meðal annars verið gerðar í samstarfi við Háskóla Íslands sýndu að yfir 95% af því koldíoxíði sem dælt var niður í basaltmyndanir á Hellsheiði myndaði steindir innan tveggja ára, sem er mun fyrr en áður var talið mögulegt. Með byltingarkenndri tækni Carbfix hefur fyrirtækið frá árinu 2007 bundið rúmlega 70.000 tonn af koldíoxíði í bergi. Nýsköpun á vegum Carbfix hefur leitt til þess að tækni þróuð á Íslandi er nú í alþjóðlegu einkaleyfaferli. Auk þess hefur Carbfix vakið athygli innan og utan landsteinanna og hefur hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir aðferðina sem þróuð hefur verið, meðal annars Nýsköpunarverðlaun evrópska jarðhitaráðsins. Carbfix hefur einnig tekið virkan þátt í að auka

Þekkingu á þessu sviði, ekki einungis hvað varðar þeirra eigin aðferð heldur einnig varðandi undirliggjandi ástæður þess að nauðsynlegt sé að þróa aðferðir sem nýtast í baráttunni við loftslagsvandann.